

Greinagerð með fjárhagsáætlun 2025

Rekstrartekjur

Gert er ráð fyrir að heildartekjur KSÍ árið 2025 verði 2.070.972.637 kr. samanborið við 2.023.413.822 kr. árið 2024.

Meirihluti tekna KSÍ er í erlendri mynt og því skiptir gengi sem notað er í fjárhagsáætlun miklu máli. Að tillögu fjárhags- og endurskoðunarnefndar KSÍ samþykkti stjórn KSÍ að taka miðgildi af gengisspá viðskiptabanka KSÍ (Landsbankans) og lokagengis Seðlabanka Íslands þann 31. desember 2024. Þetta er sama aðferðafræði og beitt var við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árin 2023 og 2024. Gengi sem notað er í áætlun KSÍ fyrir árið 2025 er því EUR 146 og USD 140.

Yfirlit yfir áætlaðar rekstrartekjur KSÍ árið 2025, samanborið við rauntölur 2024 og áætlun 2024:

Rekstrartekjur	Áætlun 2025	Raun 2024	Áætlun 2024
Styrkir og framlög	1.281.224.787	1.217.254.769	1.257.302.750
Tekjur af landsleikjum	132.326.503	154.217.838	120.782.669
Sjónvarpsréttur	437.955.286	449.325.138	452.298.951
Aðrar rekstrartekjur	138.688.150	121.787.657	122.191.256
Rekstrartekjur Laugardalsvallar	80.777.911	80.828.420	78.460.106
	2.070.972.637	2.023.413.822	2.031.035.733

Styrkir og framlög

Styrkir og framlög koma m.a. frá UEFA, FIFA, Íslenskum getraunum og ÍSÍ.

UEFA

Árið 2025 er gert ráð fyrir eftirtöldum framlögum frá UEFA:

- 675 m.kr. vegna HatTrick (árleg framlög ásamt verkefnatengdum greiðslum)
- 10,5 m.kr. vegna kostnaðar við upphald erlendra dómara í Evrópukeppni hér á landi

Framlag UEFA sveiflast milli ára þar sem greiðslur vegna Þjóðadeildar karla eru annað hvert ár. Einnig er misjafnt hversu mikið kemur úr HatTrick styrkjakerfi UEFA á ári hverju. Nýtt styrkjatímabil UEFA, HatTrick VI, hófst 1. júlí 2024 og lýkur 30. júní 2028.

Framlög UEFA til rekstrar eru:

- 1 milljón evra til reksturs sambandsins árlega
- Allt að 2 milljónir evra á ári, m.a. til að uppfylla gæðastaðla og vegna þátttöku í alþjóðlegum keppnum. Þessi framlög eru háð ströngum skilyrðum og hefur KSÍ ekki fullnægt öllum skilyrðum UEFA á síðustu misserum, til dæmis varðandi keppni í Futsal.
- Til viðbótar styrkir UEFA knattspyrnutengd verkefni á fjögurra ára styrkjarímabili um allt að 5 milljónir evra.

FIFA

Árið 2023 hófst nýr fjögurra ára styrkjahringur FIFA (*FIFA Forward 3.0, 2023-2026*). Á tímabilinu er framlag FIFA til rekstrar 5 milljónir USD og þá fjármagnar FIFA önnur verkefni fyrir 3 milljónir USD. Á sama hátt og hjá UEFA er framlag FIFA bundið ströngum skilyrðum og hefur FIFA eftirlit með hvernig fjármunum er varið. Þetta eftirlit er á hendi alþjóðlegra endurskoðendafyrirtækja. Gert er ráð fyrir framlagi frá FIFA að upphæð 304 m.kr. árið 2025. Inni í þeirri tölu er nýtt framlag frá FIFA sem kom fyrst til sögunnar árið 2024, FIFA TDS (Talent Development Scheme) að upphæð kr. 250.000 USD en það er framlag einungis tileinkað þróunar- og vísindasviði KSÍ.

ÍSí og Íslenskar getraunir

Gert er ráð fyrir að ríkisstyrkur, útbreiðslustyrkur og Lottótekjur verði svipaðar á milli ára, eða um 52 m.kr., og að greiðsla frá Íslenskum getraunum verði 22,5 m.kr.

Gert er ráð fyrir 24,6 m.kr. styrk úr Afrekssjóði ÍSí úr því aukaframlagi sem kom frá ríkissjóði á árinu 2024 og kemur til úthlutunar í jöfnun greiðslum fyrstu 6 mánuðina árið 2025. Annars er ekki gert ráð fyrir styrk úr Afrekssjóði ÍSí frá því almenna framlagi sem ríkissjóður leggur sjóðnum til árlega. KSÍ fékk síðast úthlutun úr Afrekssjóði ÍSí árið 2017 (8,4 m.kr.). KSÍ uppfyllir allar kröfur sem gerðar eru til að flokkast sem A sérsamband og fá úthlutun. Forsendur höfnunar á úthlutun til KSÍ byggja á heimildarákvæðum í reglugerð afrekssjóðs ÍSí og því er það sjálfstæð ákvörðun stjórnar afrekssjóðs og framkvæmdastjórnar ÍSí hverju sinni að neita KSÍ um úthlutun. KSÍ hefur ítrekað gert athugasemdir og lagt fram tillögur til úrbóta á reglugerð um afrekssjóð ÍSí, en þrátt fyrir endurskoðun ÍSí á reglugerð um afrekssjóð ÍSí árið 2023, er staða KSÍ gagnvart sjóðnum óbreytt. Í febrúar 2024 réði KSÍ lögmann til að gæta hagsmuna sambandsins í þessu máli. Stjórn og stjórnendur KSÍ munu hér eftir sem áður vinna að því að ná jákvæðri niðurstöðu með stjórnvöldum og ÍSí. Sá styrkur sem kom í upphafi árs frá því aukaframlagi sem kom frá ríkissjóði gefur vonir til þess að til staðar sé velvilji til að koma til móts við KSÍ eins og önnur sérsambönd ÍSí.

Ýmsir styrkir

Gert er ráð fyrir að ýmsir styrkir verði tæpar 192 m.kr. árið 2025. Ýmsir styrkir samanstanda af samningum við bakhjarla KSÍ, samningi við Puma og vörumerkjasamningum.

Tekjur af landsleikjum

Gert er ráð fyrir að heildartekjur af landsleikjum verði um 132 m.kr. árið 2025, það er lækkun á þessum lið frá fyrra ári sem skýrist af lægri landsleikjatekjum erlendis. Stór meirihluti landsleikjatekna koma í gegnum miðasölu A landsliðs karla. Árið 2025 verður einn heimaleikur leikinn á Spáni vegna framkvæmda á Laugardalsvelli og þrjú heimaleikir á nýjum Laugardalsvelli. A landslið kvenna er á leiðinni á EM í sumar og því er gert ráð fyrir aukningu í miðasölu á heimaleiki þeirra. Einnig er gert ráð fyrir að sætanýting á leikjum A landsliðs karla fari úr 60% í 70% árið 2025.

Markmið KSÍ er að fjölga áhorfendum á leiki og að auka tekjur til lengri tíma og halda áfram að vinna að bættari upplifun áhorfenda á Laugardalsvelli. Það eru sóknarfæri í tekjuöflun af heimaleikjum landsliðanna okkar, sem og að vinna að öflugum stuðningi við landsliðin okkar.

Sjónvarpsréttur

KSÍ hefur framselt sjónvarps- og markaðsréttindi fyrir heimaleiki A landsliðs karla til UEFA frá júlí 2022 til júní 2028. UEFA greiðir KSÍ 17 milljónir evra fyrir tímabilið, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, þ.á.m. er KSÍ skuldbundið til að leika 10 landsleiki á ári á því tímabili. Þegar um landsleiki erlendis (vináttuleiki) er að ræða ber KSÍ enn fremur ábyrgð á að viðkomandi leikur sé framleiddur fyrir sjónvarp með þeim kostnaði sem því fylgir.

Aðrar rekstrartekjur

Gert er ráð fyrir öðrum tekjum að fjárhæð 138 m.kr. árið 2025 samanborið við 121 m.kr. árið 2024. Þetta eru t.d. tekjur af mótum, fræðslunámskeiðum og húsaleigu.

Rekstrartekjur Laugardalsvallar

Gert er ráð fyrir því að rekstrartekjur Laugardalsvallar verði árið 2025 rúmar 80 m.kr. Þar vega þyngst greiðslur skv. samningi við Reykjavíkurborg, en þar fyrir utan koma tekjur vegna veitingasölu og vallarleigu. Samningur um rekstur vallarins milli KSÍ og Reykjavíkurborgar var gerður árið 2014 og gildir út árið 2025. Núverandi rekstrarsamningur við Reykjavíkurborg rennur senn út, og í ljósi þeirra framkvæmda sem eru í gangi við endurbætur leikflatar á Laugardalsvelli, hefur KSÍ nú þegar hafið samtal við Reykjavíkurborg um endurskoðaðan rekstrar- og þjónustusamning, sem tekur mið af hinum breyttu forsendum. Slíkur samningur þarf að vera kominn á þegar leikir hefjast á ný á Laugardalsvelli sumarið 2025.

Rekstrargjöld

Gert er ráð fyrir að heildargjöld ársins 2025 verði 1.963.638.407 kr., samanborið við 1.968.024.766 kr. árið 2024.

Gjöld	Áætlun 2025	Raun 2024	Áætlun 2024
Kostnaður við landslið	949.503.802	933.603.880	944.609.994
Mótakostnaður	292.412.026	287.631.830	287.764.269
Fræðslukostnaður	75.188.141	77.818.489	71.202.936
Skrifstofu- og rekstrarkostnaður	440.274.775	448.477.023	434.973.158
Húsnæðiskostnaður	31.000.000	31.637.166	27.400.000
Rekstrargjöld Laugardalsvallar	121.659.663	130.027.546	124.868.263
Afskriftir	53.600.000	58.828.832	47.000.000
	1.963.638.407	1.968.024.766	1.937.818.620

Kostnaður við landslið

Í fjárhagsáætlun 2025 er gert ráð fyrir þátttöku A landsliðs kvenna á EM í Sviss. UEFA þrefaldaði framlag sitt frá EM í Englandi árið 2022. UEFA gerir einnig kröfur um það að leikmenn liðsins fái 30-40% af því framlagi. Gert er ráð fyrir því að KSÍ nái að klára það verkefni á „núlli“. Ekki er gert ráð fyrir þátttöku Íslands í úrslitakeppnum í áætlunum, nema ef sæti sé 100% tryggt.

Hér að neðan má sjá sundurliðun á áætlunum kostnaði landsliða árið 2025, borið saman við raunkostnað 2024 og áætlun 2024:

	Áætlun 2025	Raun 2024	Áætlun 2024
A-landslið karla	325.208.220	342.105.213	334.384.840
U-21 landslið karla	88.379.138	69.494.768	81.670.483
U-19 landslið karla	46.543.545	37.470.023	46.499.099
U-17 landslið karla	47.185.445	55.884.032	39.198.499
A-landslið kvenna	234.200.650	241.926.548	230.977.195
U-23 landslið kvenna	7.936.000	4.543.937	22.620.000
U-19 landslið kvenna	43.402.675	38.684.310	39.657.670
U-17 landslið kvenna	52.686.615	44.081.476	41.937.670
*TDS - Vísinda- og þróunarsvið	38.267.787	30.868.213	34.391.000
**Hæfileikamótun	39.873.728	28.626.801	33.780.058
***Sameiginlegur landsliðskostnaður	25.820.000	39.918.559	39.493.480
	949.503.802	933.603.880	944.609.994

*TDS er sérstakur styrkur frá FIFA til að efla framþróun í landsliðum, sérstaklega á sviði þróunar og vísinda.

**Landslið Íslands í aldursflokki karla og kvenna yngri en 15 ára eru einnig undir hæfileikamótun KSÍ.

***Það sem flokkast undir sameiginlegan landsliðskostnað er allt sem snýr að tölvubúnaði fyrir landsliðin, þvotti, fræðslu og öðrum búnaði sem landsliðin deila sín á milli.

Í fjárhagsáætlun 2025 er gert ráð fyrir 76 landsleikjum sem er svipaður leikjafjöldi og 2024. Að auki spilar A landslið kvenna æfingaleik við Serbíu fyrir EM og svo þrjá leiki í sínum riðli á EM í Sviss. Árin 2022 og 2023 léku landsliðin okkar samtals 89 og 101 leiki. Rétt er að nefna að landslið Íslands leika a.m.k. 40% færri yngri landsleiki en samanburðarlönd okkar. Bæði UEFA og FIFA hafa ítrekað bent KSÍ á að fjölgun yngri landsleikja sé forsenda þess að Ísland nái að halda í þá framþróun sem á sér stað í flestum samanburðarlöndum okkar.

A landslið karla spilar umspilsleiki í Þjóðadeildinni við Kósovó í mars, úti og heima. Heimaleikurinn okkar verður spilaður á Spáni þar sem framkvæmdir á Laugardalsvelli eru í fullum gangi. Mikilvægt er að vinna þá leiki til að halda Íslandi uppi í B deild. Tveir vináttuleikir verða erlendis í júní við Skotland og N-Írland. Undankeppni HM byrjar í haust og verða mótherjar okkar Úkraína, Aserbaídsjdan og Frakkland eða Króatía (hvort það verði Frakkland eða Króatía skýrist í mars).

A landslið kvenna spilar í Þjóðadeild í fyrsta skiptið og eru mótherjarnir Sviss, Noregur og Frakkland. Riðillinn í Þjóðadeildinni er nánast sá sami og í lokakeppni EM utan þess að Frakkland er í stað Finnlands. Við vonumst til að spila fyrsta heimaleik Íslands við Frakkland 3. júní á nýju hybrid grasi á Laugardalsvelli.

U19 og U17 landsliðin okkar komust öll áfram í milliriðla. Við vorum dregin upp úr potti til að halda U17 kvenna milliriðilinn heima í mars. Þar sem veðurfar er óútreiknanlegt á þeim árstíma samþykkti UEFA að færa leikina til Spánar.

Mótakostnaður

Gert er ráð fyrir að mótakostnaður hækki um 5 m.kr. á milli ára og verði 292 m.kr. árið 2025. Kostnaður við dómara vegur þyngst í mótakostnaði, eða 84%, en áætlaður kostnaður við dómaramál er tæpar 246 m.kr. árið 2025. Gert er ráð fyrir því að aðildarfélag KSÍ greiði 15,7 m.kr. í ferða- og upphaldskostnað dómara árið 2025.

Fræðslukostnaður

Gert er ráð fyrir að fræðslukostnaður ársins verði 75 m.kr. sem er sambærilegur kostnaður og á síðustu árum. Helstu kostnaðarliðir eru laun, verktakagreiðslur, landshlutaverkefni, námskeið, kennslugögn, ferðakostnaður, grasrót og samfélagsleg verkefni. Rétt er í þessu samhengi að minna á að þátttaka í samfélagslegum verkefnum er ein af þeim forsendum sem eru til staðar í HatTrick styrkjakerfi UEFA.

Skrifstofu- og rekstrarkostnaður

Gert er ráð fyrir því að laun, launatengd gjöld og annar starfsmannakostnaður verði á árinu 2025 rúmar 343 m.kr. Inn í þessari tölu er lögbundin 3,5% stéttarfélagshækkun frá 1. janúar.

Gert er ráð fyrir því að annar skrifstofu- og rekstrarkostnaður verði 97 m.kr. árið 2025. Helstu kostnaðarliðir skrifstofunnar eru tölvukostnaður 25 m.kr., ráðstefnu- og fundarkostnaður 24 m.kr., aðkeypt sérfræðiaðstoð 20,2 m.kr., ársþing KSÍ 7,5 m.kr. og annar skrifstofu- og rekstrarkostnaður 7,5 m.kr. (inni í þeim kostnaði er til dæmis rekstur bifreiða).

KSÍ hefur unnið markvisst að því að lækka tölvukostnaðinn eins og hægt er. Það mun vonandi raungerast árið 2026 þar sem nýtt mótakerfi og ný heimasíða munu fara í loftið í nóvember 2025.

Árið 2025 er KSÍ að halda árlegan Norðurlandafund formanna og varaformanna og útheimtir það ákveðinn kostnað sem fellur á KSÍ.

KSÍ er að ráða inn utanaðkomandi aðstoð til að innleiða nýja persónuverndarstefnu og svo ráðningarfyrirtæki til að sjá um ráðningu á nýjum lögfræðingi KSÍ.

Húsnæðiskostnaður

Gert er ráð fyrir því að húsnæðiskostnaður verði 31 m.kr. árið 2025. Helstu kostnaðarliðir eru húsaleiga, tryggingar, hiti, rafmagn og þrif.

Rekstrargjöld Laugardalsvallar

Nýtt hybrid gras verður skv. verkáætlun vígt í júní 2025. Miðað við núverandi rekstur er gert ráð fyrir að rekstrargjöld Laugardalsvallar verði á árinu 121 m.kr. Rekstrargjöld vallarins sveiflast á milli ára í samræmi við fjölda leikja á vellinum. Gert er ráð fyrir 10 leikjum árið 2025, sem er sami fjöldi leikja og árið 2024. Helstu kostnaðarliðir við rekstur vallarins eru launakostnaður, öryggisgæsla, viðhald og rekstur vallarins (rafmagn, hiti, hreinsun vallar, ræsting, o.fl.).

Eins og áður hefur komið fram er samtal við Reykjavíkurborg hafið varðandi nýjan rekstrar- og þjónustusamning en núverandi samningur rennur út árið 2025.

Þá ákvað stjórn KSÍ þann 15. janúar sl. að breyta fyrirkomulagi á framlagi UEFA til KSÍ vegna þróunar- og fjárfestingaverkefna til að fjármagna framkvæmdir við Laugardalsvöll.

Ákvörðun stjórnar KSÍ er tekin m.a. með eftirfarandi atriði í huga:

- Svo tryggt verði að á Íslandi sé knattspyrnuleikvangur sem uppfylli a.m.k. lágmarkskröfur í reglugerðum UEFA til að halda leiki í Evrópukeppnum félagsliða.
- Svo tryggt verði að á Íslandi sé knattspyrnuleikvangur sem uppfylli a.m.k. lágmarkskröfur í reglugerðum UEFA og FIFA til að leika landsleiki í alþjóðlegum keppnum.

Framlög til aðildarfélaga

Í fjárhagsáætlun ársins 2025 er gert ráð fyrir að framlög til aðildarfélaga verði rúmar 96 m.kr. sem skiptist þannig:

- þróunarstyrkur til barna og unglíngastarfs verði 35 m.kr.,
- leyfisgreiðslur til félaga verði 20,5 m.kr.
- sjónvarpsgreiðslur og verðlaunafé verði 18,9 m.kr.
- greiðslur vegna ferðajöfnunarsjóðs verði 22 m.kr.

Einnig er gert er ráð fyrir að klára verkefni sem sótt voru í Mannvirkjasjóð árið 2024, en sú upphæð er áætluð 12,2 m.kr.

Samantekt

Lögð er fram rekstraráætlun sem gerir ráð fyrir rúmlega 37 m.kr. hagnaði árið 2025. Litið var til rekstrar sambandsins til loka ársins 2028 og horft til þeirra sveifna sem einkenna rekstrarumhverfið, einkum greiðslna frá UEFA vegna Þjóðadeildar karla svo og styrkjahringja UEFA HatTrick og FIFA Forward. Kröfur UEFA og FIFA verða sífellt harðari í styrkveitingum og þarf KSÍ að vera á tánum með nýjungar og framtíðarsýn í verkefnum.

Varðandi Laugardalsvöll þá er farinn af stað fyrsti fasi í mjög svo þörfum endurbótum á vellinum, hvort sem er á yfirborði vallarins eða fyrir aðstöðu leikmanna, dómara og annarra starfsmanna. Ríki og borg komu þar með styrki til að þessi fyrsti fasi verði að veruleika og verkáætlanir gera ráð fyrir að fyrsti leikur verði leikinn í byrjun júní á þessu ári.

Í framhaldinu eru stjórn og stjórnendur sambandsins að vinna að frekari hugmyndum um endurbætur vallarins sem lúta að búningsklefum og annarri aðstöðu starfsmanna leikja. Vonir stjórnar og stjórnenda sambandsins standa til að áframhald verði á því góða samstarfi og samvinnu sem hefur verið um þennan fyrsta fasa með ríki og borg og á vettvangi Þjóðarleikvangs ehf.

Með endurbættum Laugardalsvelli er loksins kominn völlum sem getur sinnt þeim leikjum landsliða og félagsliða sem eru leiknir fljótt á vorin og vel fram á haustið.